

**Nd.**

## **216. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

Frá mentamálanefnd.

Í lögnum frá 1917 um stofnun alþýðuskóla á Eiðum var svo ákveðið, að búnaðarnámsskeið skyldi haldið við skólann á hverju hausti og vori. Nú hefir stjórnin flutt frv., eftir ósk forstöðumanns Eiðaskóla, um að námsskeið þetta skuli að eins haldið á vorin, og færir til ástæður í aths. við frv. Er hjer vísað til þeirra ástæðna. Öll nefndin hefir fallist á að mæla með þessari breytingu.

Háttv. efri deild hefir bætt 2. gr. við frv. þetta. Í lögnum um stofnun alþýðuskóla á Eiðum frá 1917 er svo ákveðið, að auk skólastjóra skuli skipaður einn kennari við skólann, en þar að auki skuli sjeð fyrir nægilegri tímakenslu og búnaðarkenslu við námsskeiðin haust og vor. Síðan alþýðuskólinn var stofnaður á Eiðum, hefir verið mjög mikil aðsókn að honum, en ekki nema helmingur umsækjenda, sem sótt hafa um skólann, hafa getað fengið inngöngu í hann, vegna húsnæðisskorts. En á þessu verður ráðin bót, þegar ríkið sjer sjer fært að byggja hús þau, sem ákveðið er, að byggð verði samkvæmt lögum um húsagerð ríkisins. Auk fastakennaranna við skólann hefir stjórnin ráðið þessi árin, sem hann hefir starfað sem alþýðuskóli, einn aukakennara. Var sá maður búinn að vera nokkur ár kennari við skólann, meðan hann var búnaðarskóli, og hefir alment álit, bæði nemenda sinna og allra, sem til hans þekkjja, sem afbragðs kennari. Verði breyting sú samþykkt, sem háttv. efri deild hefir gert á frv. því, sem hjer er um rætt, þá verður þessi maður gerður að fastakennara við skólann. Telur meiri hluti nefndarinnar þessa breytingu nauðsynlega og mælir því með henni. Vegna búnaðarnámsskeiðsins þarf skólinn á búnaðarkennara að halda, en þessi kennari er búnaðarkandidat. Um mikinn aukinn kostnað er hjer ekki að ræða, þótt breyting þessi verði samþykkt. Stjórnin hefir greitt aukakennaranum nálægt 3000 kr. um árið, en verði hann gerður að fastakennara, þá fær hann 2000 kr. árslaun, að viðlagðri dýrtíðaruppbót af þeim launum. Það getur ekki talist sanngjarnt, að þessi kennari hafi minni laun en hinn kennarinn. Einn nefndarmanna, Jón Þorláksson, leggur á móti þessari breytingu á lögnum á þessu þingi, af þeirri ástæðu, að öll alþýðuskólamál landsins sjeu í rannsókn hjá millipinganefnd.

Alþingi, 2. apríl 1921.

Bjarni Jónsson frá Vogu,  
formaður.

Þorsteinn Jónsson,  
skrifari og framsögumaður.

Jón Þorláksson. Eiríkur Einarsson. Magnús Jónsson.